

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003  
með síðari breytingum (forsjá og umgengni).

Dómarafélag Íslands kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við ákvæði ofan nefnds frumvarps, en jafnframt er beðist velvirðingar á að nokkur dráttur hefur orðið á.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að það sé samið í meginatriðum af nefnd sem skipuð var af ráðherra í lok árs 2008. Segir í skipunarbréfinu að nefndin hafi einkum átt að huga að því hvort að „ástæða sé til þess að breyta íslenskri löggjöf og veita dómurum heimild til þess að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns þrátt fyrir að annað foreldri sé því andvíg, en samkvæmt gildandi rétti getur annað foreldri ávallt krafist niðurfellingar sameiginlegrar forsjár sem leiðir til þess að forsjá verður falin öðru foreldranna. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að veita eigi dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá skal nefndin taka afstöðu til þess við hvaða aðstæður það komi til álita.“

Nefndarmenn hafa í starfi sínu m.a. farið yfir lagaþróun og viðurkennd sjónarmið í barnarétti sem studd hafa verið m.a. með vísan til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem fullgiltur var hér á landi árið 1992. Að auki er vísað til nýlegra íslenskra rannsókna og gildandi ákvæða í norrænum rétti. Þá hefur nefndin sérstaklega farið yfir hugtökin *forsjá, búseta og umgengni*, sbr. m.a. 5. gr. frumvarpsins.

Eftir að hafa reifað sjónarmið um greind álítaefni er það niðurstaða nefndarinnar að leggja það til að lögfest verði heimild fyrir dómara til að dæma sameiginlega forsjá með tilteknum hætti. Það var hins vegar niðurstaða Innanríkisráðuneytis, að vandlega athugðu máli, að leggja ekki til lögfestingu þessarar heimildar að svo stöddu.

Stjórn Dómarafélags Íslands lítur svo á löggjöf sem boðar gildi samvinnu og foreldraábyrgðar hafi framtíðaráhrif sem þjóni hagsmunum barna.

Áherslan á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns hefur ráðið hvað mestu um þróun barnalaga undanfarna áratugi. Hefur með löggjöf verið reynt að styrkja foreldra að þessu leyti m.a. með auknu foreldraorlofi, þ. á m. feðraorlofi. Þá var við setningu barnalaga nr. 76/2003 ákveðið að styrkja sameiginlega forsjá foreldra með því að gera þeim kleift að krefjast úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum um umgengni og meðlag, svo og dómstóla í tengslum við rekstur deilumála fyrir dómi. Með lagabreytingu árið 2006 var loks gert ráð fyrir að foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé ákveðið.

Í norrænum rétti hefur vaxandi áhersla verið lögð á fjölskyldufræðslu, almennar upplýsingar og ráðgefandi samvinnusamtöl í skilnaðarmálum. Hér á landi hafa rannsóknir einnig sýnt að vaxandi áhugi foreldra er á faglegri ráðgjöf við skilnað. Hefur þetta eftir atvikum endurspeglast í meðferð skilnaðarmála og þá einnig dómsmála, en fyrir liggur að mörgum málum lýkur eftir að dómara hafa í kjölfar gagnaöflunar og sáttaumleitanna náð að ljúka ágreiningi aðila með öðrum hætti en með dómi.

Stjórn Dómarafélags Íslands (DÍ) tekur að ofangreindu virtu undir efnisákvæði frumvarpsins sem felur í sér styrkingu á sáttaferli, annars vegar hjá sýslumönnum, sbr. 12. gr. frumvarpsins og hins vegar fyrir dómi, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Í slíku ferli er þó vert að huga að því að hvort að ekki sé

rétt að lögfesta heimild dómara til að skipa barni sérstakan talsmann til að gæta hagsmuna þess í ágreiningsmálum sem þessum.

Samkvæmt ofangreindu og fyrirbyggjandi tölfræði lýkur í raun fáum forsjármálum fyrir íslenskum dómstólum með dómi.

Foreldrar höfða slík mál oftast samhliða eða í kjölfar skilnaðar, en einnig er nokkuð um að mál séu höfðuð síðar vegna tilfallandi ágreinings. Í dómsniðurstöðu skal það ávallt lagt til grundvallar sem barni er fyrir bestu. Í 42. gr. núgildandi barnalaga er kveðið á um það að dómari skuli fylgjast með gagnaöflun aðila og lögmanna þeirra. Vegna hinna mikilsverðu hagsmuna sem í húfi er reynt að vanda alla gagnaöflun, jafnframt því sem málum er hraðað svo sem kostur er, sbr. lagaákvæði þar um. Auk hefðbundinna gagna sem aðilar leggja fram, þ. á m. frá heilsugæslu, leik- og grunnskóla og félagsmálayfirvöldum ofl., er tíðkanlegt að kveðja til dómkvaddan matsmann, og ber honum að rita ítarlega skýrslu um hagi aðila og barna þeirra. Hinum dómkvadda matsmanni, sem oftast er reyndur sálfræðingur, er þannig í starfi sínu gert að kanna allar aðstæður og leggja fyrir aðila og börnin sálfræðipróf, m.a. til að kanna tengsl ofl, allt í þeim tilgangi að kanna forsjárhæfni foreldranna. Í kjölfar framlagningar matsskýrsiu fyrir dómi hafa aðilar heimild til að krefjast yfirmats. eru þá dómkvaddir tveir sérfróðir matsmenn til að fara yfir og leggja mat á fyrri matsskýrslu og gera sitt eigið mat um aðstæður og forsjárhæfni málsaðila. Hinir dómkvöddu matsmenn, auk annarra sérfræðinga, eru kvaddir til sem vitni þegar aðalmeðferð fyrir dómi fer fram, en að auki gefa þá skýrslur þeir foreldrar sem í hlut eiga. Börn aðila fá einnig tækfæri til að segja sitt álit, allt eftir aldri og aðstæðum.

Dómur í ágreiningsmálum um forsjá er oftast fjölskipaður. Það þýðir að í einstökum málum eru tilkvaddir tveir sérfróðir meðdómendur, sem eru þá hliðsettir embættisdómaranum. eru oftast tilkvaddir reyndir sál-, félags- eða uppeldisfræðingar, en fyrir kemur að geðlæknar eru tilkvaddir.


Í tilvikum þar sem foreldrar eru af sérfróðum dómkvöddum matsmönnum taldir vanhæfir til forsjár og umgengni við börn sín eða samskiptaerfiðleikar þeirra á milli og ofbeldi hverskonar er álitni hindra samvinnu þá má telja nær fullvíst að sameiginleg forsjá geti ekki þjónað hagsmunum barna þeirra. Stjórn DÍ telur að í öðrum tilvikum, þar sem t.d. annað foreldri krefst forsjár vegna tilfallandi og eftir atvikum smávægilegra deilumála, ætti lagaákvæði sem helmilar dómi (fjölskipuðum) að hafna dómkröfu um að að slíta sameiginlegri forsjá að vera fyrir hendi. Sem raunhæft dæmi um slíkt tilvik má nefna nýlegan dóm þar sem sérfróðir dómkvaddir matsmenn sögðu í skýrslu sinni vegna ágreinings um forsjá ungrar stúlku: „...að báðir foreldrar teljast mjög vel hæfir til að fara með forsjá.... Engan mun er að sjá á forsjárhæfni, aðstæðum eða tengslum foreldra við barnið sem yfirmatsmenn telji að geti gert hlut annars hvors aðilans sterkari. Hvað barnið varði er ekki mögulegt að greina hjá hvoru foreldri það vilji fremur vera eða tengist betur.“

Stjórn Dómarfélags Íslands telur vert að Alþingi hugleiði hvort ekki sé ástæða að fylgja fordæmi nágrannalandanna. Tekur stjórnin og undir meginniðurstöðu hinnar sérfróðu nefndar um að lögfest verði heimild fyrir dómara til að dæma sameiginlega forsjá og forða þannig hæfu foreldri frá miklum tilfinningalegum sárindum sem forsjársvipting getur valdið. Er að þessu leyti tekið undir orð nefndarmanna, að sameiginleg forsjá hvetji almennt til aukinnar samábyrgðar og þátttöku beggja foreldra og auki líkur á tengslum barns við báða foreldra sína, en mikilvægt sé að hvetja foreldra til þess að axla ábyrgð og til að standa undir þeim kröfum sem þetta gerir til samstarfs og tillitssemi.

Að lokum er rétt að geta þess að svo virðist sem oft rísi forsjárdeilur vegna þess að foreldrar ná ekki samkomulagi um lögheimili barns. Væri rétt að hugað yrði að breytingum á lögheimilislögum, þannig að heimilað yrði að skrá lögheimili barns bæði hjá föður og móður að því tilskildu að það dveldist á báðum heimilum tiltölulega jöfnum höndum. Ákveða yrði þó fyrst og kveða á um réttindi og/eða skyldur sveitarfélaga, ef heimilin væru ekki innan sama sveitarfélags, ákveða

tilhögun barnabóta við þessar aðstæður og jafnvel athuga hvort til greina kæmi að kveða á um gagnkvæma meðlagsskyldu.

Akureyri 16. júní 2011.  
F. h. Dómarfélags Íslands



Ólafur Ólafsson